

**Fundargerð 9. fundar
Bæjarstjórnar
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
19. desember 2018 , kl. 17:30.**

Fundinn sátu:

Einar Jón Pálsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Haraldur Helgason, Ólafur Þór Ólafsson, Laufey Erlendsdóttir, Fríða Stefánsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Pálmi Steinar Guðmundsson, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

Áður en gengið var til dagskrár fór forseti bæjarstjórnar með minningarorð og minntist Guðna Ingimundarsonar heiðursborgara Garðs sem lést þann 16. desember 2018. Bæjarstjórn heiðraði minningu Guðna Ingimundarsonar og sendir fjölskyldu hans innilegar samúðarkveðjur.

1. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2019 - 2022 - 1809099

Fjárhagsáætlun fyrir árin 2019-2022 lögð fram til síðari umræðu.

Til máls tóku: MS, EJP, HS, MSM, DB, EP, ÓPÓ og HH

Afgreiðsla:

Bæjarstjóri fór yfir helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar. Elísabet Þórarinsdóttir fjármálastjóri sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Heildartekjur samstæðu A og B hluta eru áætlaðar kr. 4.022.302 þús., heildargjöld fyrir afskriftir og fjármagnsliði eru áætluð kr. 3.468.034 þús. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir er kr. 554.208 þús., eða 13,8 % af heildartekjum. Afskriftir eru áætlaðar kr. 217.200 þús. og fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur kr. 188.801 þús. Rekstrarniðurstaða A og B hluta er áætluð kr. 148.267 þús.

Heildartekjur A hluta sveitarsjóðs eru áætlaðar kr. 3.812.097 þús. og heildargjöld fyrir afskriftir og fjármagnsliði kr. 3.379.193 þús. Rekstrarniðurstaða A hluta fyrir fjármagnsliði og afskriftir er áætluð kr. 432.904 þús., eða 11,4 % af heildartekjum. Afskriftir A hluta eru kr. 178.631 þús. og fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur kr. 107.212 þús. Rekstrarniðurstaða A hluta er áætluð kr. 147.060 þús.

Heildareignir samstæðu A og B hluta eru áætlaðar kr. 8.136.6451 þús. í árslok 2019. Heildar skuldir og skuldbindingar kr. 4.111.929 þús., þar af lífeyrisskuldbindingar kr. 887.242 þús. Langtímaskuldir í árslok 2019 eru áætlaðar kr. 2.637.419 þús., þar af við lánastofnanir kr. 2.533.189 þús. Skuldahlutfall í árslok 2019 er áætlað 102,2% og skuldaviðmið samkvæmt sveitarstjórnarlögum 62,1%.

Veltufé frá rekstri í samstæðu A og B hluta er áætlað kr.499.570 þús., afborganir langtímaskulda kr. 179.756 þús. og fjárfestingar 2019 kr. 290.000 þús.

Áætlað er að handbært fé í árslok 2019 verði kr. 712.093 þús.

Fyrir liggur tillaga um gjaldskrá sveitarfélagsins fyrir árið 2019. Samþykkt hefur verið að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt, eða 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði verði lækkað úr 0,4% í 0,33%, álagningarhlutfall vegna opinberra bygginga verði 1,32% og vegna atvinnuhúsnæðis 1,65%.

Almenn þjónustugjaldskrá og gjaldskrá Hafnarsjóðs eru uppfærðar um 4% frá 2018.

Bókun bæjarstjórnar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar:

Fjárhagsáætlun sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs fyrir árin 2019-2022 er nú til annarrar umræðu og afgreiðslu í bæjarstjórn. Þetta er fyrsta fjárhagsáætlun sem unnin er fyrir hið nýja sameinaða sveitarfélag sem mun innan tíðar fá heitið Suðurnesjabær. Að þessu sinni fer vinnsla fjárhagsáætlunar fram við óvenjulegar aðstæður þar sem sameining sveitarfélaganna tók gildi fyrir rúmum 6 mánuðum og ekki hefur verið eðlilegt svigrúm til þess að vinna að áætlunargerðinni með venjubundnum hætti. Fjárhagsáætlun verður nánar yfirfarin á nýju ári, einnig mun bæjarstjórn taka ákvarðanir um einstakar fjárfestingar í byrjun árs 2019. Fjárhagur og rekstur sveitarfélagsins stendur á traustum grunni og hefur mikla möguleika til framtíðar til að eflast enn frekar með aukinni þjónustu við íbúana og samfélagið í heild.

Bæjarstjórn þakkar bæjarstjóra og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir vel unnið verk, við óvenjulegar aðstæður, við að vinna fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Fjárhagsáætlun 2019-2022, ásamt gjaldskrá samþykkt samhljóða.

2. Sameinað sveitarfél Sandg/Garð: samþykkt - 1806761

Tillaga um breytingar á Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, síðari umræða.

Til máls tóku: MS og EJP

Afgreiðsla:

Tillaga um breytingar á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins samþykkt samhljóða eftir síðari umræðu í bæjarstjórn.

3. Samband íslenskra sveitarfélaga - umboð til kjarasamningsgerðar - 1812007

Á 14. fundi bæjarráðs var samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að umboð til Sambands íslenskra sveitarfélaga til að fara með kjarasamningsumboð fyrir hönd sveitarfélagsins verði endurnýjað.

Til máls tók EJP

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að veita Sambandi íslenskra sveitarfélaga fullt umboð til gerðar kjarasamninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

4. Brunavarnir Suðurnesja - ábyrgð vegna lántöku - 1812033

Á 14. fundi bæjarráðs var samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að ábyrgð vegna lántöku vegna byggingar nýrrar slökkvistöðvar verði veitt.

Til máls tóku: MS og EJP

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs samþykkir hér með á 9. fundi sínum, dags. 19. desember 2018, að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Brunavarna Suðurnesja bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 550.000.000 með lokagjalddaga þann 15. nóvember 2055, í samræmi við skilmála að lánasamningi. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Nær samþykki bæjarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til byggingar nýrrar slökkvistöðvar að Flugvöllum 20 í Reykjanesbæ, sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Bæjarstjórn Sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs skuldbindur hér með sveitarfélagið sem einn af eigendum Brunavarna Suðurnesja bs. til að breyta ekki ákvæði samþykktu félagsins sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að sameinað sveitarfélag Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs selji eignarhlut í Brunavörnum Suðurnesja bs. til annarra opinberra aðila, skuldbindur sveitarfélagið sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi ábyrgð að láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Jóni Guðlaugssyni kt. 091252-2609, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarfélagsins að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða.

5. Verndarsvæði í byggð - Krókstún-Landakotstún Sandgerði - 1806563

Í framhaldi af bókun í Framkvæmda og skipulagsráði þann 18. september 2018 og opin samráðsfund í Vörðunni þann 23. október 2018, var á 7. fundi bæjarstjórnar þann 7. nóvember 2018 samþykkt samhljóða að auglýsa tillögu um verndarsvæði í byggð, skv. 5. gr. laga um Verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.

Til máls tók: EJP

Afgreiðsla:

Auglýsinga- og athugasemdafresti við skýrsluna er lokið. Nokkrar almennar fyrirspurnir bárust og ein athugasemd þar sem Erlingur Björnsson, talsmaður landeigenda Landakotslands, óskar eftir að athugasemdafrestur verði framlengdur þar sem landeigendum hafi ekki gefist nægur tími til að kynna sér málið nægjanlega vel. Bæjarstjórn samþykkir að framlengja athugasemdafrest til 15. janúar n.k.

6. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2018-2019 - 1810025

Á 14. fundi bæjarráðs var samþykkt að fela bæjarstjóra að vinna tillögu að sérreglum um úthlutun byggðakvóta í sveitarfélaginu sem byggir á fyrri sérreglum í byggðakjörnunum og verði lögð fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

Til máls tóku: EJP, MS, MSM, DB, HH, PSG og ÓÞÓ

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að óska eftir því að eftirfarandi sérreglur gildi um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2018/2019 í byggðarlögum Sandgerði og Garði, í Sameinuðu sveitarfélagi Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs.

Ákvæði reglugerðar nr. 685/2018 gilda um úthlutun byggðakvóta Sandgerðis með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1.gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt þannig að 40% byggðakvótans skiptist jafnt milli skipa þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi skip landaði í þorskígildum í Sandgerði á fiskveiðiarinu 2017/2018 og 60% skipt hlutfallslega til sömu skipa af því aflamarki sem fallið hefur til byggðarlagsins, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.

b) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa í Sandgerði þeim afla sem telja á til byggðakvóta Sandgerðis og til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.

Ákvæði reglugerðar nr. 685/2018 gilda um úthlutun byggðakvóta Garðs, með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1.gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt þannig að 40% byggðakvótans skiptist jafnt milli skipa þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi skip landaði í þorskígildum á fiskveiðiarinu 2017/2018 og 60% skiptist hlutfallslega til sömu skipa, af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlagsins, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.

b) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa í Sandgerði þeim afla sem telja á til byggðakvóta Garðs og til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.

7. Íþróttamaður ársins - 1811002

Á þriðja fundi Íþrótt- og tólmstundaráðs lagði ráðið fram reglur um val á íþróttamanni ársins til staðfestingar hjá bæjarstjórn.

Til máls tóku: EJP, FS og MS

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að staðfesta reglur um val á íþróttamanni ársins.

8. Vörðubraut 4 - umsókn um lóð - 1811066

Á sjötta fundi Framkvæmda- og skipulagsráðs var umsókn um lóð að Vörðubraut 4 tekin fyrir.

Afgreiðsla:

Afgreiðsla Framkvæmda- og skipulagsráðs samþykkt samhljóða.

9. Sjónarhóll 1 - umsókn um lóð - 1811067

Á sjötta fundi Framkvæmda- og skipulagsráðs var umsókn um lóð að Sjónarhóll 1 tekin fyrir.

Afgreiðsla:

Afgreiðsla Framkvæmda- og skipulagsráðs samþykkt samhljóða.

10. Þinghóll 5 - umsókn um lóð - 1812068

Á sjötta fundi Framkvæmda- og skipulagsráðs var umsókn um lóð að Þinghóll 5 tekin fyrir.

Afgreiðsla:

Afgreiðsla Framkvæmda- og skipulagsráðs samþykkt samhljóða.

11. Bæjarráð - 14 - 1812005F

Fundur dags. 12.12.2018.

Til máls tóku: EJP, PSG, LE, MS, ÓÞÓ

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

11.1 1809099 - Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2019 - 2022

Elísabet Þórarinsdóttir fjármálastjóri sat fundinn undir málum 1 og 2. Samþykkt að vísa fjárhagsáætlun og gjaldskrá til síðari umræðu í bæjarstjórn.

11.2 1812053 - Fjárhagsáætlun 2018 - viðaukar

Afgreiðslu frestað.

11.3 1812011 - Heilbrigðisþjónusta í sveitarfélaginu

Minnisblað lagt fram.

11.4 1812007 - Samband íslenskra sveitarfélaga - umboð til kjarasamningsgerðar

Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að umboð til Sambands íslenskra sveitarfélaga til að fara með kjarasamningsumboð fyrir hönd sveitarfélagsins verði endurnýjað.

11.5 1812018 - Almenningsamgöngur á Suðurnesjum

Bæjarráð lýsir vonbrigðum með þá stöðu sem upp er komin varðandi rekstur almenningsamgangna á Suðurnesjum. Jafnframt lýsir bæjarráð vonbrigðum með þá staðreynd að ríkisvaldið sé ekki tilbúið til þess að koma til móts við eðlilegar kröfur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem voru til þess fallnar að leysa málið. Bæjarráð tekur undir kröfur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir hönd íbúa á svæðinu að almenningsamgöngur verði ekki verri en verið hefur frá því Sambandið tók við verkefninu frá ríkinu með sérstökum samningi.

11.6 1810025 - Byggðakvóti fiskveiðiárið 2018-2019

Samkvæmt upplýsingum frá Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneyti hefur úthlutun á byggðakvóta til Garðs verið leiðrétt og verður 266 þorskígildistonn.

Minnisblað bæjarstjóra lagt fram.

Samþykkt að fela bæjarstjóra að vinna tillögu að sérreglum um úthlutun byggðakvóta í sveitarfélaginu sem byggja á fyrri sérreglum í byggðakjörnunum og verði lögð fyrir bæjarstjórn.

- 11.7 1812033 - Brunavarnir Suðurnesja - ábyrgð vegna lántöku
Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að ábyrgð vegna lántöku verði veitt.

- 11.8 1812040 - Viðurkenning fyrir jólahús
Bæjarráð samþykkir að auglýsa eftir tillögum að jólahúsum í sveitarfélaginu. Íbúar eru hvattir til að senda inn tillögur um þau hús sem þeim þykir verðskulda að vera valin sem jólahús ársins 2018. Frestur er gefin til miðvikudagsins 19. desember til að senda tillögur og mun þriggja manna valnefnd taka ákvörðun um þrjú hús sem verða verðlaunuð í framhaldi af þeim tillögum sem berast. Veitt verði verðlaun fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti.
Valnefndin mun tilkynna niðurstöður föstudaginn 21. desember.

Valnefndin verði skipuð Friðu Stefánsdóttur bæjarfulltrúa sem verði formaður, Einari Friðrik Brynjarssyni umhverfis- og tæknifulltrúa og Jóni Ragnari Ástþórssyni varabæjarfulltrúa.

- 11.9 1809074 - Sameining: staða verkefna
Minnisblað lagt fram.
- 11.10 1807094 - Leikskóli - Stofnun ungbarnaleikskóla
Minnisblað bæjarstjóra og sviðsstjóra Fjölskyldusviðs lagt fram.
Samþykkt að fela bæjarstjóra að vinna tillögur um fjölgun dagvistarrýma og leggja fyrir bæjarráð í janúar 2019.
- 11.11 1806442 - Sorpeyðingarstöð Suðurnesja Sorpa kynning á sameiningarhugmyndum
Lagt fram til kynningar.
- 11.12 1811094 - Samningur við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um rekstur Náttúrustofu
Bæjarráð gerir athugasemd við 12. grein í drögum að samningnum þar sem orðalag er óljóst og má mistúlka á þann hátt að framlög frá ríkinu til náttúrustofa verði skert og myndi hafa verulega neikvæð áhrif á starfsemi náttúrustofanna.
Bæjarráð leggur til að síðustu setningu 12. greinar í drögnum verði breytt til að taka af allan vafa og verði í samræmi við ákvæði 10. greinar laga nr. 60/1992. Orðalag verði þannig að „sveitarfélögin sem að samningnum standa munu leggja fram a.m.k. 30% af framlagi ríkisins til reksturs stofunnar sem kemur til viðbótar framlagi ríkisins“.
- 11.13 1812046 - Rafnkelsstaðavegur 8 - forkaupsréttur
Samkvæmt upplýsingum sem fyrir liggja felst ekki eignarland í sölu eignarinnar. Af þeim sökum lítur bæjarráð svo á að forkaupsréttur sveitarfélagsins sé ekki fyrir hendi.

- 11.14 1812052 - Lionsklúbbur Sandgerðis - ósk um styrk
Samþykkt að kaupa auglýsingu í blaðinu Efra-Sandgerði.

12. Hafnarráð - 4 - 1812006F

Fundur 10.12.2018.

Til máls tóku: EJP, MS, ÓPÓ, HH, MSM, FS, DB, PSG og HS

Afgreiðsla:

Vegna máls númer tvö í fundargerðinni er samþykkt samhjóða að fela hafnarstjóra að skila inn uppfærðri fjárhagsáætlun ásamt greinargerð þar sem gert er betur grein fyrir tillögunni um viðbótar stöðugildi. Uppfærð áætlun og greinargerð verði tekin til umræðu í bæjarráði og síðar í bæjarstjórn.

- 12.1 1810025 - Byggðakvóti fiskveiðiárið 2018-2019

Hafnarráð er sammála um að beina því til bæjarstjórnar að sett verði það skilyrði í sérstakar reglur, að öllum afla sem telst til byggðakvóta í sveitarfélaginu verði landað í Sandgerðishöfn.

- 12.2 1809099 - Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2019 - 2022

Hafnarráð er sammála um að efla þurfi þjónustu í höfninni og jafnframt að fara í markvissa vinnu við að auka tekjur hafnarsjóðs. Hafnarráð bendir á að brýn þörf sé á að bæta við einu stöðugildi hafnarvarðar við höfnina, til þess að auka þjónustu, leysa afleysingar og sinna brýnu viðhaldi.

Samþykkt að visa fjárhagsáætlun og gjaldskrá til afgreiðslu bæjarstjórnar.

- 12.3 1812031 - Sandgerðishöfn - framkvæmdir og starfsemi hafnarinnar
Lagt fram.

13. Íþrótt- og tómstundaráð - 3 - 1812008F

Fundur dags. 13.12.2018.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

- 13.1 1811002 - Íþróttamaður ársins: reglur um val.

Fyrir fundinum liggja drög að reglum um kjör á Íþróttamanni ársins í sveitarfélaginu.

Afgreiðsla: ÍT leggur fram reglur og vísar þeim til bæjarstjórnar til samþykktar.

- 13.2 1811002 - Íþróttamaður ársins: auglýsingar.

ÍT ræddi auglýsingar.

Afgreiðsla: Starfsmanni falið að vinna málið áfram.

- 13.3 1811002 - Íþróttamaður ársins: viðurkenning fyrir störf að íþróttum/tómstundum.

ÍT ákveður að veitt verði viðurkenning fyrir óeigingjarnt starf í þágu íþrótt- og tómstunda í sveitarfélaginu.

Afgreiðsla: Þessum lið bætt inn í reglur um val á Íþróttamanni ársins.

- 13.4 1809010 - Forvarnarhópurinn Sunna 2018 -2019: Fundargerðir.
Fyrir fundinum liggja fundargerðir forvarnahópsins Sunnu fyrir september, október, nóvember og desember 2018. Einnig var kynntur segull með viðmiðunar skjá tíma barna/ungmenna sem forvarnarhópurinn Sunna hefur unnið og mun láta dreyfa á næstunni.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

14. Framkvæmda- og skipulagsráð - 6 - 1812010F

Fundur dags. 18.12.2018.

Til máls tóku: EJP, FS, LE, ÓÞÓ og HS

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

- 14.1 1807035 - Aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags: Endurskoðun
Ráðið leggur til við bæjarstjórn að samþykkja áætlun um ferli á endurskoðun aðalskipulags sem lögð er fram samkvæmt meðfylgjandi gögnum.
- 14.2 1811038 - Land undir jarðgerð
Samþykkt að heimila landnotkun undir jarðgerð skv. fyrirhuguðum hugmyndum til reynslu í 3 ár. Umhverfisfulltrúa falið að útfæra frekari skilmála um notkun svæðisins gagnvart umsækjanda.
- 14.3 1811066 - Vörðubraut 4 - umsókn um lóð
Samþykkt
- 14.4 1811067 - Sjónarhól 1 - umsókn um lóð
Samþykkt
- 14.5 1812068 - Þinghóll 5 - umsókn um lóð
Samþykkt
- 14.6 1812047 - Vallargata 4 - breyting á skráningu og skipulagi bílskúrs og húss
Samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi.
- 14.7 1810073 - Nátthagi 8 - lögheimilisskráning
Svæðið við Nátthaga er skipulögð frístundabyggð. Samkvæmt gildandi lögheimilislögum er óheimilt að skrá lögheimili í skipulagðri frístundabyggð sbr. breytingarlög nr. 149/2006. Eina færa leiðin til að Þjóðskrá heimili lögheimilisskráningu í Nátthaga er að sveitarfélagið breyti skipulagi byggðarinnar úr frístundabyggð í íbúðarhúsabyggð. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um að gera slíkar aðalskipulagsbreytinar.
- 14.8 1812063 - Skipulag og þróun verndarsvæða í byggð: Umsókn um styrk
Lagt fram til kynningar
- 14.9 1812067 - Sandgerðisskóli - flokkunarmál
Ráðið fagnar því að hafist verði handa við aukna flokkun í skólum sveitarfélagsins og vill jafnframt hvetja fleiri fyrirtæki og stofnanir innan sveitarfélagsins til góðra verka á þessum vettvangi. Umhverfisfulltrúa falið að leggja mat á hugmyndir skólastjórnenda og leggja til samráð fyrir

stofnanir sveitarfélagsins í sorpflokkunarmálum.

15. Fjölskyldu- og velferðarráð fundargerðir 2018 - 1806200

5. fundur dags. 06.12.2018.

Til máls tóku: EJP og HS

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram og samþykkt samhljóða að hækka styrk um lögmannaástoð eins og ráðið leggur til sbr. fyrsta mál í fundargerðinni.

16. Sorpeyðingarstöð Suðurnesja fundargerðir 2018 - 18061404

498. fundur stjórnar dags. 06.12.2018.

Afgreiðsla:

Fundaregðin lögð fram.

17. Öldungaráð: fundargerðir 2018 - 18061410

Fundur stjórnar dags. 03.12.2018.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

18. Brunavarnir Suðurnesja: fundargerðir 2018 - 1809047

36. fundur stjórnar dags. 05.12.2018.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

19. Heklan: fundargerðir 2018 - 1808073

68. fundur stjórnar dags. 30.11.2018.

Afgreiðsla:

Fundaregerðin lögð fram.

20. Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja - fundargerðir 2018 - 1811093

16. fundur dags. 25.10.2018.

Til máls tók: ÓÞÓ

Afgreiðsla:

Fundaregerðin lögð fram.

21. Reykjanes jarðvangur: fundargerðir 2017 og 2018 - 1806568

48. fundur stjórnar dags. 14.12.2018.

Til máls tók: EJP

Afgreiðsla:

Fundaregerðin lögð fram.

Fundi slitið kl. 20:15.

Einar Jón Pálsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Haraldur Helgason

Ólafur Þór Ólafsson

Laufey Erlendsdóttir

Fríða Stefánsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Pálmi Steinar Guðmundsson

Daði Bergþórsson

Magnús Stefánsson
